

Viðbrögð við áföllum

Við Húsaskóla er starfandi áfallaráð. Þar sitja eftirtaldir aðilar: skólastjóri, hjúkrunarfræðingur, ráðgjafi, sálfræðingur, skólaritari. Auk þess er kallaður til sá sem næstur stendur málinu hverju sinni.

Hlutverk áfallaráðs er að vera skólastjórnendum og öðru starfsfólki skólans til aðstoðar við að mæta ýmiss konar áföllum sem nemendur og/eða starfsfólk verður fyrir eða tengjast með einum eða öðrum hætti.

Áfallaráð Húsaskóla veturinn 2020 - 2021:

Katrín Cýrusdóttir, skólastjóri

vs: 5676100; hs: 5875616; gsm: 6648274,

Júlía Werner skólahjúkrunarfræðingur,

vs: 5676100; vs (Heilsugæslan): 5857600; hs: 5672202,

gsm: 8626006

Sigrún Björk Cortes, ráðgjafi

vs: 5676100; hs: 4524437; gsm: 6994437

Atli Viðar Bragason, sálfræðingur,

vs: 4111400;

Þórdís Ólafsdóttir, skólaritari,

vs: 5676100; hs: 587 1648; gsm: 849 7659.

Viðbrögð við áföllum

Þau atriði sem hér eru skráð eru ætluð sem **gátlisti** fyrir starfsfólk skólans um hugsanleg viðbrögð við áföllum. Taka þarf tillit til aðstæðna hverju sinni þegar viðbrögð eru ákveðin. Skólastjóri kallar áfallaráð saman að ósk starfsmanna eða þegar þurfa þykir.

Það sem þarf að gera strax:

- Sá sem fyrstur fær upplýsingar um dauðsfall, alvarlegt slys eða alvarleg veikindi kemur þeim til skólastjóra sem sér um að afla staðfesta upplýsinga um atburðinn (andlát eða slys). Treystið ekki óstaðfestum fregnum.
- Hafið samband við aðstandendur, lögreglu eða sjúkrahús.
- Skólastjóri sér um að aðrir áfallaráðsmeðlimir fái upplýsingarnar. Upplýsingum einnig komið til skólaliða, sérgreinakennara, starfsfólks heilsugæslu (585 7600), íþróttahúss (510 4600), sundlaugar (411 5300), frístund (695 5194) og Gufunesbæ; (411 5600).
- Áfallaráð ráði ráðum sínum. Hafið fyrsta fund stuttan, skiptið með ykkur verkum og ákveðið fyrstu aðgerðir skólans. Haldið fundi eins oft og tilefni gefst til á næstu dögum.
- Viðbrögð hverju sinni vegna áfalls eru skráð.
- Í þeim tilvikum sem kallað er eftir sjúkrabíl fer starfsmaður skólans með honum ef foreldrar komast ekki með.

Það sem þarf að gera sama dag, sé þess kostur:

- Áfallaráð kallar starfsmenn skólans saman. Starfsmönnum er tilkynnt hvað gerst hefur og hvernig skólinn hyggst taka á málum.
- Segið nemendum skólans frá atburðinum í bekkjarstofum. Eðlilegt er að skólastjórnendur og umsjónarkennari sjái um það. Gæta þarf þess að nemendur fái fregnina samtímis. Nemendur þurfa að eiga stund með kennara sínum í stofu á eftir til að ræða um atburðinn og um líðan sína.
- Skólastjórnendur og umsjónarkennarar senda tölvupóst (sjá sýnishorn) eða hringi til aðstandenda.
- Í lok skóladagsins koma starfsmenn skólans aftur saman. Rætt er um börn sem eru sérstaklega viðkvæm gagnvart því sem gerst hefur, um líðan starfsfólks og um aðgerðir skólans næstu daga.

Næstu dagar á eftir:

- Hlúið að nemendum. Gefið nemendum kost á að vinna með tilfinningar sínar. Gefið nemendum færi á að spyrja og ræða líðan sína. Þjóðið jafnframt upp á einstaklingsviðtöl eftir þörfum.
- Æskilegt er að boða til foreldrafundar í bekknum ef um nemanda er að ræða. Þar er foreldrum gefnar upplýsingar um það sem gerst hefur. Kennari gerir foreldrunum grein fyrir því hvernig hann hyggst haga skólastarfinu næstu daga. Ef um andlát er að ræða þarf að ræða á fundinum hvort börnin eiga að fara að jarðarförinni eða ekki og hvernig bekkurinn geti vottað foreldrum hins látna samúð.
- Utanaðkomandi aðstoð. Gætið þess að álagið verði ekki of mikið á starfsfólk skólans. Leita má aðstoðar t.d. hjá starfsmönnum annarra skóla, trúarleiðtoga, heilsugæslustöðvum, hjá sérfræðingum Skóla- og frístundasviði og starfsfólki Miðgarðs.
- Sameiginleg athöfn í skólanum. Hafi nemandi eða starfsmaður látist er rétt að minnast hins látna í sameiningu. Annað hvort má halda minningarathöfn í skólanum eða vera saman við jarðarförina. Gott getur verið að minnast hins látna með því að gróðusetja tré til

minningar um hann, gera veggteppi eða stóra mynd um viðkomandi eða atburð tengdan dauðsfallinu o.s.frv. Athugið að það getur þurft að leiðbeina nemendum við að minnast hins látna á viðeigandi hátt.

- Æskileg er að umsjónarkennari eða skólastjóri hafi samband við fjölskyldu viðkomandi. Þannig kynnist hann væntingum fjölskyldu til skólans t.d. hvað varðar þátttöku í jarðarförinni.

Næstu vikur eða mánuði:

- Haldið áfram að hlúa að nemendum og starfsfólki skólans. Gefið gaum að áfallastreitu meðal nemenda og starfsmanna skólans. Þjóðið upp á hópvinnu eða einstaklingsviðtöl ef þörf er á. Munið að það tekur langana tíma að vinna sig út úr áfalli.

Dæmi um viðbrögð vegna dauðsfalls nemanda

Fyrstu viðbrögð:

- Sá sem fyrstur fær upplýsingar um andlátíð kemur þeim til skólastjóra.
- Skólastjóri hefur samband við aðstandendur, lögreglu eða sjúkrahús og fær atburðinn staðfestan.
- Skólastjóri kallar saman áfallaráð ásamt umsjónarkennara viðkomandi bekkjar og öðrum þeim sem málinu tengjast.
- Áfallaráð útdeilir hlutverkum til starfsmanna. Haft er samband við þá sem málið varðar, s.s. trúarleiðtoga, heilsugæslustöð, heilsudagskóla, lögreglu, Miðgarð, Skóla- og frístundasvið, Íþrótt- og tómstundaráð Gufunesbæ og tómstundafélag (ef það á við).
- Umsjónarkennari/skólastjórinnendur greina bekkjarfélögum hins látna frá atburðinum í bekkjarstofu. Gefa nemendum góðan tíma.
- Ef umsjónarkennari treystir sér ekki til að greina frá atburðinum getur hann fengið annan í lið með sér en er þó alltaf til staðar.
- Skrá niður þá sem ekki eru viðstaddir og láta þá vita sérstaklega.
- Umsjónarkennari/skólastjórinnendur greina foreldrum frá atburðinum símlíðis eða með bréfi.
- Umsjónarkennarar tilkynna andlátíð í öðrum bekkjardeildum, þannig að allir fái fregnina samtímis.
- Ritari tryggi aðgang að aðstandendalistum nemenda.
- Verið hjá börnunum í frímínútum og matarhléum. Reynið að fá fleiri fullorðna sem þekkja börnin í lið með ykkur til að fylgjast með viðbrögðum barnanna og til að veita innbyrðis stuðning.
- Ef eitthvert barnanna fer út úr stofunni þarf einhver fullorðinn að fylgjast með því.
- Gefa þarf börnunum góðan tíma fyrir viðbrögð og spurningar. Sýnið hluttekningu.
- Greinið börnunum frá því sem mun gerast næstu daga, s.s. kistulagning og jarðarför.
- Fáíð trúarleiðtoga í lið með ykkur.
- Útbúa samúðarkveðju, skrifa minningargrein, syngja lag sem börnunum finnst viðeigandi, biðja bæn, teikna myndir, skrifa bréf til fjölskyldunnar, lesa ljóð eða sögu. Leyfið börnunum að koma með eigin reynslusögur.
- Kveikja má á kerti, setja blóm eða einhvern persónulegan hlut á borð hins látna. Rétt er að enginn setjist í sæti hans fyrst um sinn. Gefið sorginni tíma.
- Umsjónarmaður skólans dregur fána í hálfá stöng þegar búið er að tilkynna nemendum andlátíð.
- Forráðamenn sækja börnin sín í skólann ef þurfa þykir.

Viðbrögð næstu daga:

- Æskilegt er að umsjónarkennari ásamt öðrum starfsmanni skólans heimsæki viðkomandi fjölskyldu og kanni væntingar þeirra til skólans t.d. varðandi jarðarförina.
- Ef nemendur eiga að vera við jarðarförina þá þarf að undirbúa það vandlega í samráði við foreldra. Trúarleiðtoginn getur hugsanlega komið inn í bekkinn og sagt frá því hvernig jarðarförin fer fram. Nauðsynlegt er að foreldrar fari með börnum sínum í jarðarförina.
- Lokið vegna jarðarfarar.
- Æskilegt er að skólastjóri/aðstoðarskólastjóri, umsjónarkennari og þeir sem tengjast barninu verði við jarðarför.
- Haldið áfram hefðbundnu skólastarfi eins og kostur er. Kennslustundir næstu daga þarf að brjóta upp ef spurningar vakna eða ef upp koma viðbrögð sem sýna sorg, reiði, örvæntingu eða sektarkennd nemendanna. Leyfið börnunum að viðra tilfinningar sínar.
- Þessir dagar eru ef til vill fyrir einstaka nemendur mikilvægustu dagarnir á allri þeirra skólagöngu. Gefið sorginni sinn tíma.
- Þjóða aðstandendum einhverjum dögum eftir jarðarförina að koma í skólann og sjá það sem nemendur hafa unnið til minningar um hinn látna og sækja jafnframt skóladót hans.
- Kennarinn verður að sjá til þess að hann fái sjálfur stuðning og hjálp (sálfræðingur, trúarleiðtogi). Að vera sterkur, rólegur og yfirvegaður í þessari aðstöðu er mikið álag. Talið við einhvern í skólanum á hverjum degi þegar skóladeginum lýkur um það hvernig dagurinn hafi verið. Ákveðið fyrirfram hvenær þessi samtöl eiga að fara fram og þau eiga ekki að fara fram yfir kaffibolla í skyndi eða í frímínútum. Enginn, allra síst viðkomandi bekkur, á skilið að umsjónarkennarinn gefist upp.
- Þegar frá líður þarf að muna eftir dagsetningunni t.d. kveikja á kerti eða hafa hljóða stund til minningar um hinn látna.

Dæmi um viðbrögð vegna dauðsfalls foreldris, systkina eða nánustu aðstandenda nemenda**Viðbrögð:**

- Fylgið fyrstu viðbrögðum áfallaáætlunar hér að framan.
- Greina bekkjarfélögum og foreldrum frá atburðinum. Æskilegt að skólastjóri sjái um það og jafnvel trúarleiðtogi. Gefa góðan tíma.
- Útbúa samúðarkveðju/fara með blóm.
- Sýna atburðinum virðingu án þess að velta sér upp úr honum.
- Leiðbeina börnunum um að vera eðlileg gagnvart viðkomandi.
- Æskilegt er að skólastjóri/aðstoðarskólastjóri, umsjónarkennari og þeir sem tengst hafa barninu verði við jarðarför.

Þegar nemandi kemur aftur í skólann:

- Umsjónarkennari undirbýr bekkinn undir móttöku nemandans.
- Umsjónarkennari undirbýr nemandann undir að koma aftur í skólann og styður hann vel fyrstu dagana.

Dæmi um viðbrögð vegna alvarlegs slys foreldris, systkina eða nánustu aðstandenda nemenda

- Skólastjóri eða umsjónarkennari fær staðfestingu á slysinu hjá forráðamanni nemandans og lætur aðra sem málið varðar vita.
- Skólastjóri kallar saman áfallaráð og það ákveður í samráði við forráðamenn hvernig unnið skuli að málinu.
- Umsjónarkennari undirbýr bekkinn undir móttöku nemandans.
- Umsjónarkennari undirbýr nemandann undir að koma aftur í skólann og styður hann vel fyrstu dagana.

Dæmi um viðbrögð vegna alvarlegra veikinda foreldris, systkina eða nánustu aðstandenda nemenda

- Skólastjóri eða umsjónarkennari fær staðfestingu á veikindunum hjá forráðamanni nemandans og lætur aðra sem málið varðar vita.
- Skólastjóri kallar saman áfallaráð og það ákveður í samráði við forráðamenn hvernig unnið skuli að málinu.
- Umsjónarkennari heldur góðu sambandi við heimilið og fylgist með framvindu mála.

Dauðsfall utan skólatíma:

Viðbrögð:

- Málsmeðferð getur í meiginatriðum verið eins og að ofan greinir.

Dæmi um viðbrögð vegna alvarlegs slyss nemanda:

Fyrstu viðbrögð:

Slys sem verða á skólatíma:

- Verði nemandi fyrir alvarlegu slysi á skólatíma skal sá starfsmaður sem næstur er kalla á hjálp og sinna nemandanum þar til sértæk aðstoð berst.
- Hafa skal samband við forráðamenn nemandans og lögreglu sem allra fyrst.
- Skólastjóri kallar til áfallráð og sem ákveður næstu skref.
- Aðilar úr áfallaráði ásamt umsjónarkennurum ræða við nemendur í þeim bekkjum sem tengjast málinu.
- Ef umsjónarkennari treystir sér ekki til að greina frá atburðinum getur hann fengið annan í lið með sér en er þó alltaf til staðar.
- Verið hjá börnunum í frímínútum og matarhléum ef um mjög alvarlegt slys er að ræða. Reynið að fá fleiri fullorðna í lið með ykkur til að fylgjast með viðbrögðum barnanna til að veita innbyrðis stuðning ef þörf krefur.
- Ef eitthvert barnanna fer út úr stofunni þarf einhver fullorðinn að fylgjast með því.
- Gefa börnunum góðan tíma fyrir viðbrögð og spurningar.
- Öllu starfsfólki og nemendum er greint frá slysinu og þess gætt að enginn fari heim með rangar eða misvísandi upplýsingar.
- Umsjónarkennarar hringja heim í forráðamenn annarra nemenda ef þurfa þykir.

- Sé slysið mjög alvarlegt er haldinn fundur í lok dags með öllu starfsfólki skólans þar sem farið er yfir atburðinn ásamt áfallaráði.
- Sýni fjölmíðlar áhuga, er skólastjóri eða staðgengill hans eini tengiliður skólans við þá. Allir aðrir skulu vísa á hann.

Slys sem verða utan skólatíma:

- Sá sem fyrstur fær upplýsingar um slysið kemur þeim til skólastjóra.
- Skólastjóri hefur samband við aðstandendur og fær atburðinn staðfestan.
- Skólastjóri kallar saman áfallaráð ásamt umsjónarkennara viðkomandi bekkjar og öðrum þeim sem málinu tengjast.
- Áfallaráð útteilir hlutverkum til starfsmanna. Haft er samband við þá sem málið varðar, s.s. trúarleiðtoga, heilsugæslustöð, lögreglu, Miðgarð, Skóla- og frístundasvið og Gufunesbæ.
- Greina bekkjarfélögum hins slasaða frá atburðinum í bekkjarstofu.
- Gefið nemendum góðan tíma.
- Skrá niður þá sem ekki eru viðstaddir og láta þá vita sérstaklega.
- Foreldrum greint frá atburðinum (skólastjóri eða umsjónarkennari).
- Ritari tryggir aðgang að aðstandendalistum nemenda.
- Fáíð trúarleiðtoga í lið með ykkur ef þörf er á.

Viðbrögð næstu daga:

- Fylgjast með líðan viðkomandi og láta þá sem málið varðar vita. Bekkurinn getur útbúið kort eða gjöf. Skipuleggja heimsóknir í samráði við foreldra.
- Æskilegt er að umsjónarkennari ásamt öðrum starfsmanni skólans heimsæki viðkomandi fjölskyldu og kanni væntingar þeirra til skólans.
- Halda áfram hefðbundnu skólastarfi eins og kostur er. Kennslustundir næstu daga þarf að brjóta upp ef spurningar vakna eða ef upp koma viðbrögð sem sýna sorg, reiði, örvæntingu eða sektarkennd nemendanna. Leyfið börnunum að tjá tilfinningar sínar.
- Kennarinn verður að sjá til þess að hann fái sjálfur stuðning og hjálp. Að vera sterkur, rólegur og yfirvegaður í þessari aðstöðu er mikið álag. Talið við einhvern í skólanum á hverjum degi þegar skóladegi lýkur um það hvernig dagurinn hafi verið. Ákveðið fyrirfram hvenær þessi samtöl eiga að fara fram og þau eiga ekki að fara fram yfir kaffibolla í skyndi eða í frímínútum. Enginn, allra síst viðkomandi bekkur, á skilið að umsjónarkennarinn gefist upp.

Þegar nemandi kemur aftur í skólann:

- Umsjónarkennari undirbýr bekkinn undir móttöku nemandans.
- Umsjónarkennari undirbýr nemandann undir að koma aftur í skólann og styður hann vel fyrstu dagana.

Alvarleg veikindi og langvinnir sjúkdómar nemanda

Viðbrögð í skólanum:

- Skólastjóri eða umsjónarkennari aflar upplýsinga um veikindin hjá forráðamönnum nemandans.
- Áfallaráð ákveður hvernig skuli taka á málinu og hve mikið skuli vinna með viðkomandi bekki.

Viðbrögð við áföllum í Húsaskóla

- Skólastjóri greinir starfsfólki skólans frá veikindum nemandans og umsjónarkennarar ræða við þá bekki sem næstir standa nemandanum eða eftir aðstæðum í hvert sinn.
- Umsjónarkennari athugar hvort heimsóknir séu mögulegar eða heppilegar. Að öðrum kosti getur bekkurinn sent nemandanum kveðju.

Þegar nemandi kemur aftur í skólann:

- Umsjónarkennari undirbýr bekkinn undir móttöku nemandans.
 - Umsjónarkennari undirbýr nemandann undir að koma aftur í skólann og styður hann vel fyrstu dagana.
-

Dæmi um viðbrögð vegna dauðsfalls starfsmanns

- Leitið staðfesta upplýsinga um andlátíð.
- Áfallaráð hittist og metur stöðuna. Það skiptir öllu máli hvernig starfsmaður er tengdur nemendum.
- Greina starfsfólki og öðrum sem málinu tengjast frá andlátinu.
- Gæta þarf að náin skyldmenni hins látna sem eru við nám eða störf við skólann fái fregnina sérstaklega en ekki yfir hópinn.
- Greina þarf nemendum frá atburðinum. Æskilegt er að trúarleiðtogi, sálfræðingur eða hjúkrunarfræðingur sé viðstaddur.
- Æskilegt er að einhver annar fullorðinn sem þekkir nemendurna vel sé til staðar í stofunni.
- Gefa þarf nemendum góðan tíma fyrir viðbrögð og spurningar. Sýnið hluttekningu.
- Samúðarkveðjur útbúnar.
- Kveikja á kerti.
- Greina þarf nemendum frá því sem gerist næstu daga svo sem kistulagning og jarðarför. Æskilegt að trúarleiðtogi sé nálægur.
- Laga þarf kennsluna eftir aðstæðum ef tengsl voru mikil. Leyfa nemendum að spyrja spurninga og sýna sorg og aðrar tilfinningar tengdar andlátinu.
- Ef nemendur verða viðstaddir jarðarför þarf að undirbúa það vandlega í samráði við foreldra. Trúarleiðtoginn getur hjálpað til við það.

Alvarleg slys starfsmanns skólans

- Skólastjóri fær staðfestingu á slysinu hjá starfsmanni eða aðstandanda hans og lætur aðra sem málið varðar vita.
- Skólastjóri ákveður í samráði við áfallaráð og þann slasaða (eða aðstandanda hans) hvernig segja skuli nemendum og öðru starfsfólki frá slysinu.

Alvarleg veikindi / langvinnir sjúkdómar starfsmanns skólans

- Skólastjóri fær staðfestingu á veikindunum hjá starfsmanni eða aðstandanda hans og lætur aðra sem málið varðar vita.
- Skólastjóri ákveður í samráði við áfallaráð og þann veika (eða aðstandanda hans) hvernig segja skuli nemendum og öðru starfsfólki frá veikindunum.

Áföll tengd aðstandendum starfsfólks

Andlát maka eða barna starfsfólks.

- Skólastjóri leitar staðfesta upplýsinga um andlátíð.
- Skólastjóri upplýsir allt starfsfólk skólans um andlátíð og gætir þess að láta þá vita sem eru fjarverandi þann dag.
- Gæta þarf að náin skyldmenni hins látna sem eru við nám eða störf við skólann fái fregnina sérstaklega en ekki yfir hópinn.
- Ef maki eða barn umsjónarkennara fellur frá tilkynnir skólastjóri ásamt aðila úr áfallaráði umsjónarþegnum andlátíð og kemur upplýsingum til forráðamanna nemenda.
- Aðilar úr áfallaráði veita nemendum sem næstir stóðu starfsmanninum stuðning næstu daga.
- Skólastjóri fer heim til starfsmanns og sendir samúðarkveðju til nánustu aðstandenda.

Ofbeldisverk - líkamsárás

(kennari/starfsmaður þolandi - nemandi gerandi)

Viðbrögð kennara/starfsmanns:

- Lætur vita strax eða hefur samband við skrifstofu, skólastjórnendur, hjúkrunarfræðing, skólaliða eða aðra starfsmenn sem hann nær í til að fá aðstoð.
- Skýrir skólastjóra frá málsatvikum.
- Skráir stutta lýsingu á atburði og afhendir skólastjóra (sjá Eyðublað I-áfallaráð)
- Aflar sér áverkavottorðs hjá:
 - trúnaðarlækni
 - heimilislækni
 - heilsugæslustöð eða
 - slysadeild.
- Athugar að fá kvittun fyrir útlögðum kostnaði svo Skóla- og frístundasvið geti endurgreitt kostnað.
- Fer með skýrslu í Tryggingastofnun ríkisins.
- Áverkavottorð er mikilvægt ef til þess kemur að fjarvistir frá vinnu megi rekja til áverka eða annarra afleiðinga atburðar.

Viðbrögð skólastjórnenda:

- Ræða við starfsmann.
- Ræða við nemanda.
- Hringja í foreldra/forráðamenn nemandans og tilkynna atburðinn og boða viðkomandi í skólann að sækja barn sitt.
- Meta í samráði við starfsmann hvort tilkynna eigi atburðinn til lögreglu eða annarra yfirvalda. Tekið skal tillit til aldurs nemandans, hvort um ítrekað brot sé að ræða og annarra aðstæðna sem máli skipta.
- Gefa starfsmanni kost á að taka frí það sem eftir er dags enda þarf hann að afla sér áverkavottorðs.
- Útbúa skýrslu til Tryggingastofnunar sem starfsmaður fer með.
- Senda vinnueftirliti skýrslu.
- Boða til fundar eins fljótt og kostur er með foreldrum, skólasálfræðingi, viðkomandi starfsmanni, nemanda ef við á og fleiri aðilum ef þurfa þykir, þar sem foreldrar eru m.a. hvattir til að leita sér aðstoðar vegna hegðunarvandkvæða nemandans.
- Styðja við starfsmann, bjóði honum viðtöl sálfræðings, trúarleiðtoga eða hjúkrunarfræðings.

Viðbrögð gagnvart nemanda (geranda)

- Nemandi skal færður til skólastjórnenda.
- Nemandi skal bíða í skóla þar til hann verður sóttur af foreldri eða forráðamanni/mönnum.
- Nemandi mæti ekki aftur í skóla fyrr en að fundi loknum og þá í fylgd með foreldri.
- Viðurlög:
 - Tímabundin brottvísun úr skóla.
 - Endurtekin eða mjög alvarleg brot geta leitt til þess að málum sé vísað til stofnana utan skóla.
- Kennari styðji við nemandann, bjóði honum viðtöl sálfræðings, ráðgjafa, trúarleiðtoga eða hjúkrunarfræðings.

Viðbrögð sjónarvotta (starfsmanna sem koma að):

- Veita aðstoð strax (hlúa að fórnarlambi).

- Leysa viðkomandi starfsmann af; hafa ofan af fyrir bekk ef þarf eða finna einhvern sem getur leyst viðkomandi af.
- Aðstoða við að færa nemanda (geranda) til skólastjóra.
- Verði starfsmaður vitni að atburðum á hann að skrá stutta lýsingu af atburðingum eins fljótt og hægt er og afhenda skólastjóra (sjá Eyðublað I - áfallaráð).

Ofbeldisverk - líkamsárás

(nemandi þolandi- nemandi gerandi)

Viðbrögð kennara/starfsmanns:

- Lætur vita strax eða hefur samband við skrifstofu, skólastjórnendur, hjúkrunarfræðing, skólaliða eða aðra starfsmenn sem hann nær í til að fá aðstoð.
- Skýrir skólastjóra frá málsatvikum.
- Skráir stutta lýsingu á atburði og afhendir skólastjóra (sjá Eyðublað I- áfallaráð).

Viðbrögð skólastjórnenda:

- Ræða við nemanda.
- Hringja í foreldra/forráðamenn nemandans og tilkynna atburðinn og boða viðkomandi í skólann að sækja barn sitt.
- Meta hvort tilkynna eigi atburðinn til lögreglu eða annarra yfirvalda.
- Boða til fundar eins fljótt og kostur er með foreldrum, skólasálfræðingi, viðkomandi starfsmanni, nemanda ef við á og fleiri aðilum ef þurfa þykir.
- Styðja við þolandann, bjóði honum viðtöl sálfræðings, trúarleiðtoga eða hjúkrunarfræðings.

Viðbrögð gagnvart geranda:

- Nemandi skal bíða í skóla þar til hann verður sóttur af foreldri eða forráðamanni/mönnum.

Viðbrögð sjónarvotta (starfsmanna sem koma að):

- Veita aðstoð strax (hlúa að fórnarlambi).
- Verði starfsmaður vitni að atburðum á hann að skrá stutta lýsingu af atburðinum eins fljótt og hægt er og afhenda skólastjóra (sjá Eyðublað I - áfallaráð).

Ofbeldisverk - líkamsárás

(starfsmaður gerandi - nemandi þolandi)

Viðbrögð sjónarvotta (starfsmanna sem koma að):

- Lætur vita strax eða hefur samband við skrifstofu, skólastjórnendur, hjúkrunarfræðing, skólaliða eða aðra starfsmenn sem hann nær í til að fá aðstoð.
- Veita aðstoð strax (hlúa að fórnarlambi).
- Skýrir skólastjóra frá málsatvikum.
- Skráir stutta lýsingu á atburði og afhendir skólastjóra (sjá Eyðublað I - áfallaráð)

Viðbrögð skólastjórnenda:

- Ræða við starfsmann.
- Ræða við nemanda.
- Hringja í foreldra/forráðamenn nemandans og tilkynna atburðinn og boða viðkomandi í skólann að sækja barn sitt.
- Benda foreldrum á að fá áverkavottorð fyrir barnið.
- Meta hvort tilkynna eigi atburðinn til lögreglu eða Skóla- og frístundasviðs.
- Boða til fundar eins fljótt og kostur er með foreldrum, skólasálfræðingi, viðkomandi starfsmanni, nemanda og fleiri aðilum ef þurfa þykir.
- Styðja við nemandann, bjóði honum viðtöl sálfræðings, trúarleiðtoga eða hjúkrunarfræðings.
- Skólastjóri óskar eftir því að starfsmaður verði heima meðan málið er í athugun.
- Ef starfsmaður er sekur um brot gagnvart nemanda er hann leystur undan störfum.

Stórslys - náttúruhamfarir

- Skólastjóri/áfallaráð afli upplýsinga um á hvern hátt atburðurinn tengist skólanum.
- Athuga þarf hvort nemendur eiga nána ættingja meðal fórnarlamba og þurfa að fá fregnina sérstaklega.
- Haft verði samband við viðeigandi upplýsingamiðstöð t.d. lögreglu, almannavarnir, Miðgarð, heilsugæslu eða RKÍ.